

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

23. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2024, föstudaginn 21. júní kl. 8:30, var haldinn 23. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurbrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott, og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 23. fund

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.

Sveitarstjórn leggur til að auglýst verði eftir rekstraraðila fyrir verslun og mótuneyti fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla í almennri auglýsingu og sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.

Sveitarstjórn leggur til að samið verði við Sei arkitekta vegna hönnunar og frágangs heitra potta í samstarfi við Bláma.

Varðandi umferðarrétt Saura gegnum geymslusvæði leggur sveitarstjórn til að almenn umferð sé ekki leyfð, en eigendum Saura verði heimilt að fara með hjólhýsi um geymslusvæðið.

2. Smölun ágangsfjár – erindi dags. 9.6.2024

Sveitarstjórn tekur undir bókun atvinnu- og landbúnaðarnefndar frá 3. Fundi nefndarinnar dags. 20.6.2024 sem er eftirfarandi:

Atvinnu- og landbúnaðarnefnd leggur til að erindinu verði hafnað. Nefndin telur að ekki liggi fyrir með óyggjandi hætti hversu mikill ágangur sé eða hvert umfang tjóns sé fyrirjáanlegt þannig að brýnt sé að smala ágangsfé úr landi Dvergasteins. Slík ákvörðun er íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun og gæta ber lagaskilyrða varðandi slíka framkvæmd sem fyrirjáanlega yrði erfitt að framfylgja.

Framangreint er með vísan til þess að ekki er bann við lausagöngu búfjár utan þéttbýlis í Súðavík í gildandi samþykktum. Um er að ræða fé sem gengur úr heimalöndum í aðlægt eignarland að því er virðist. Ekkert liggur fyrir um í hvaða mæli búfé leitar inn á eignarland í óþökk eigenda. Ekki liggur fyrir að leitað hafi verið vægari úrræða til þess að bregðast við því ástandi sem vikið er að í erindi dags. 9.6.2024 um smölun ágangsfjár. Þá vísar nefndin frekari úrlausn til sveitarstjórnar. Nefndin leggur til að leitast verði við að finna viðunandi lausn á ágangi fjár þar sem reynt verði að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir þeirra aðila sem málið varðar. Nefndin beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að taka til endurskoðunar relgur um búfjárhald í Súðavíkurbreppi til samræmis við réttarástand varðandi ágangsfé.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu frá landeigendum Dvergasteins.

V.S. J.S. K.B.

3. **Innviðaráðuneytið – erindi dags. 31.5.2024 vegna álits sveitarfélaga undir 250**
*Sveitarstjórn leggur til að haldinn verði íbúafundur þann 20. júlí 2024 þar sem álit sveitarfélagsins verði kynnt íbúum ásamt umsögn Innviðaráðuneytis varðandi efnið. Þá verði á fundinum farið yfir önnur mál.
Íbúafundur verði kynntur fyrirfram ásamt því sem ræða ber á þeim fundi.
Sveitarstjóra er falið að svara bréfi ráðuneytis.*

4. **Fundargerð 40. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar dags. 19.6.2024.**

Fundargerð samþykkt samhljóða.

5. **Fundargerð 3. fundar atvinnu- og landbúnaðarnefndar dags. 20.6.2024**

Fundargerð samþykkt samhljóða.

6. **Skipan nefndarmanna: Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd.**

Sveitarstjórn skipar Jónas Ólaf Skúlason sem varamann í nefndina.

7. **Umsagnarmál og mál til kynningar:**

- a. Fundargerð 948. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 31.5.2024
Lagt fram til kynningar.

8. **Sumarfrí sveitarstjórnar og lokun skrifstofu Súðavíkurhrepps**


*Sveitarstjórn verður í fundarhléi í júlí og skrifstofa Súðavíkurhrepps lokuð á sama tíma.
Sveitarstjóri mun auglýsa um lokun á heimasíðu Súðavíkurhrepps.*

9. **Erindi – trúnaðarmál.**


Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert.


Fundi slitið kl. 11:50



Bragi Þór Thoroddsen



Jónas Ólafur Skúlason



Eiríkur Valgeir Scott



Kristján Rúnar Kristjánsson